

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks, skulu hækka um 8.2% frá 1. janúar 1971 að telja.

Heimild náí og til hækkunar um allt að sama hundraðshluta á þeim bóttum, sem veittar eru samkvæmt sérstökum heimildum, eftir ákvörðun Tryggingastofnunarinnar og samkvæmt tillögum sveitarstjórna, þar sem það á við, sbr. 21. gr. almannatryggingalaga.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, með áorðnum breytingum, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

22. desember 1970.

Nr. 288.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1971.

Árið 1971 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 7 660.00
b. Karlar	— 6 960.00
c. Konur	— 5 220.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	kr. 68.00
------------------------------	-----------
3. Í janúar 1971 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	kr. 3 900.00
b. Konur	— 2 800.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.